

Lokaskýrsla vegna styrkumsóknar í KMS 2017, leið A: Þróun nýrra kennsluhátta í námskeiði fyrir hjúkrunarnema um heilbrigðisfræðslu, öryggi og samskipti

Í nýrri stefnu Háskóla Íslands er lögð áhersla á þróun kennsluhátta og hefur Hjúkrunarfræðideild reynt að mæta þeim kröfum á undanförunum misserum. Nemendur í hjúkrunarfræði eru undirbúnir undir fjölbreytt og krefjandi starf innan heilbrigðisþjónustunnar. Þeir þurfa víðtæka þekkingu, en jafnframt leikni og þjálfun í þáttum eins og samskiptum og fræðslu, við skjólstæðinga en einnig samstarfsfólk. Þetta er mikilvægt fyrir gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga og samstarfsmanna.

Verkefni þetta lýtur að þróun kennsluhátta í tengslum við skipulagningu og gerð námskrár fyrir nýtt námskeið sem kennt var í fyrsta sinn haustið 2018 (Samskipti, öryggi og heilbrigðisfræðsla, HJÚ314G, 7 ECTS, skráðir nemendur voru tæplega 100). Verkefnið var unnið í samstarfi við Kennslumiðstöð HÍ og kennslustjóra Heilbrigðisvísindasviðs og hlaut styrk úr Kennslumálasjóði árið 2017.

Rannsóknir hafa sýnt að þegar nemendur tileinka sér námsefnið með virkri þátttöku í tímum muna þeir betur það sem fram fór og eru færari til að nýta sér þekkingu sínu í öðrum aðstæðum. Áhugahvöt eykst og nám er dýpra. Kennsluhættir sem krefjast virkrar þátttöku nemenda reyna oft meira á nemendur, ekki síst í upphafi, og getur það tekið nemendur nokkurn tíma að aðlagast þeim. Auk þess er undirbúningur kennara mikill sérstaklega í upphafi þar sem verið er að nota minna þekktar aðferðir.

Sérstök áhersla var lögð á að prófa nýjungar í kennsluháttum þar með talið nemendamiðaðar kennsluáferðir þar sem nemendur þurfa ekki aðeins að innbyrða þekkingu og efla skilning, heldur þurfa þeir að beita þekkingu sinni í hagnýtum aðstæðum, vinna með þekkingu og sköpun, og að lokum að meta frammistöðu sína. Þar reynir á greiningu og gagnrýna hugsun, lausnarleit, og tileinkun á efninu. Kennslan var byggð á kenningum um nám fullorðinna, sérstaklega reynslunám (experiential learning) og notaðar voru aðferðir eins og hlutverkaleikir/æfingar, speglun, hópavinna (þ.m.t. „púslaðferðin“ og „Fiskabúrið“), vendikennsla með upptökum, fyrirlestrar og fleira. Nemendur þjálfuðu samskiptatækni, ígrunduðu viðhorf sín, æfðu sig í kennslu með því að kenna samnemendum sínum og útbúa prófspurningar og í að fræða skjólstæðinga. Jafnframt fengu þeir verkefni til þjálfunar og ígrundunar utan kennslustofunnar. Til námsmats skiluðu nemendur dagbókarfærslum vikulega auk verkefna af ýmsu tagi (t.d. stuttum samantektum/ígrundun/krossaprófum/hópvinnusamantektum) og einni ritgerð. Auk þess var mæting og þátttaka í umræðutímum metin inn í einkunn. Skyldumæting var í námskeiðið (80%). Prófað var að nota ýmis konar tækni við kennsluna þ.m.t. Padlet, Socrative, upptökur í Panopto og Moodle námsumsjónarkerfið (heimasvæði námskeiðs, dagbækur, krossapróf, skil á verkefnum o.fl.) en einnig var kennt með aðferðum sem kröfðust sjálfsvinnu og allar tölur og símar voru þá víðs fjarri.

Undirbúningur fyrir gerð kennsluáætlunar og skipulag námskeiðsins fór fram með reglulegum fundum með öðrum kennurum, kennslustjóra HVS og Hjúkrunarfræðideildar, deildarforseta og starfsfólks á skrifstofu á rúmlega árs tímabili áður en kennsla hófst. Einnig með því að sækja námskeið hjá Kennslumiðstöð HÍ og í Bretlandi (um kennslu í samskiptum í heilbrigðisvísindum) og lestri fræðilegs efnis um háskólakennslu. Undirbúin var

rannsóknaráætlun til að kanna viðhorf nemenda til kennsluháttanna og meta hvernig til tókst í kennslu námskeiðsins haustið 2018.

Árið 2019 verður unnið úr þeim rannsóknargögnum sem safnað var saman en þau samanstanda af um 300 dagbókarfærslum tæplega 70 nemenda sem allt að vikulega gáfu álit sitt á kennsluaðferðum undanfarinnar viku; svörum úr rafrænni könnun sem 86 nemendur tóku þátt í (af 96) og niðurstöðum rýnihóps sem 4 nemendur tóku þátt í. Áætlað er að skrifa grein í Tímarit Kennslumiðstöðvar HÍ auk 2 greina í ritrýnd, erlend tímarit.

Greining gagna er rétt á frumstigi nú í janúar 2019. Við fyrstu sýn benda gögn og reynsla til þess að:

1. Nemendur séu nokkuð jákvæðir gagnvart fjölbreyttum kennsluháttum, símati og virkri þátttöku. Hins vegar kom glögg í ljós að kennsluaðferðirnar voru oft á tíðum mjög krefjandi og nýjar fyrir þeim og þeir þurftu tíma og góðar útskýringar til að átta sig á til hvers var ætlast af þeim og af hverju. Moodle námsumsjónarkerfið var þeim framandi og þeir þekktu ekki alla samnemendur sínar, þetta voru hindrandi þættir fyrir nemendur til að hafa yfirsýn yfir námskeiðið og í verkefnavinnu. Hins vegar var mæting með miklum ágætum, langflestir nemendur skiluðu samviskusamlega verkefnum, vel unnum og á réttum tíma. Almennt séð tóku þeir virkan þátt í námskeiðinu og lokaeinkunn þeirra var góð.

2. Fyrir kennara var kennslan einnig krefjandi, þeir voru að prófa jafnóðum notkun fjölbreyttra og nýrra aðferða og þurftu að geta brugðist við óvæntum uppákomum hratt og vel. Kennari lærði að gefa þarf meiri tíma til að útskýra í hverju nýjar kennsluaðferðir felast, hver er tilgangur þeirra og hvers er krafist af nemendum. Líklegt er að kröfur til nemenda um verkefnaskil hafi verið heldur miklar en á móti kom að lesefni var hóflegt.

3. Síðast en ekki síst kom í ljós að ytra umhverfi kennslunnar svo sem aðgengi að hentugum kennslustofum og nægilega mörgum á sama tíma; fjöldi nemenda (um 100 nemendur með 80% skyldumætingu) svo og reiknireglur í tengslum við kostnað námskeiða reyndust vera takmarkandi þáttur í árangri námskeiðsins.

Samantekt:

Notkun fjölbreyttra kennsluaðferða í nýju námskeiði, sem valdar voru samkvæmt kennslufræði um nám fullorðinna reyndist krefjandi en ánægjulegt verkefni. Hún var áskorun fyrir jafnt nemendur sem kennara og krafðist þolinmæði og opins hugarfars. Erfiðleikar við að fá hentugt húsnæði og reiknireglur um leyfilegan kostnað námskeiðs voru takmarkandi þættir. Gefa þarf góðan tíma til að undirbúa nemendur undir slíkt óhefðbundið námskeið. Æskilegt væri að fleiri kennarar notuðu sambærilegar kennsluaðferðir og sama námsumsjónarkerfi svo nemendur væru fljótari að tileinka sér þau.